

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Álfheiður Eymarsdóttir um kostnað ráðuneytisins og undirstofnana þess vegna kaupa og notkunar á Microsoft-hugbúnaði.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

*Hversu miklum fjármunum hefur verið ráðstafað árlega undanfarin fimm ár í leyfisgjöld til Microsoft vegna nota af hugbúnaði og stýrikerfum í ráðuneytinu og undirstofnunum þess? Svar óskast sundurliðað fyrir ráðuneytið og hverja undirstofnun og jafnframt eftir leyfum vegna Windows-stýrikerfa, leyfum vegna Microsoft Office-hugbúnaðarsvítu og leyfum vegna annars hugbúnaðar frá Microsoft.*

Vegna fyrirspurnarinnar var leitað svara hjá Geislavörnum ríkisins, Heilbrigðisstofnun Austurlands, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurlands, Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Heyrnar- og talmeinastöð Íslands, Hjúkrunarheimilinu Sólvangi, embætti landlæknis, Landspítala, Lyfjastofnun, Sjúkrahúsinu á Akureyri, Sjúkra- tryggingum Íslands og aðalskrifstofu heilbrigðisráðuneytisins.

Tólf stofnanir af fimmtán sem haft var samband við sáu sér fært að svara fyrirspurn þingmannsins. Hér á eftir má sjá svörin annars vegar samanlagt í einni töflu og hins vegar í sértöflum fyrir hverja stofnun með athugasemdum ef einhverjar eru.

#### Samtals:

	2014	2015	2016	2017	2018
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	49.388.367	153.593.908	103.328.343	93.173.485	81.413.258
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa	11.112.700	13.029.416	15.537.148	20.571.709	16.574.881
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	22.386.667	23.245.673	29.376.046	33.055.763	26.126.727
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	15.889.000	117.318.819	58.415.149	39.546.013	38.711.650

#### Aðalskrifstofa velferðarráðuneytis

	2014	2015	2016	2017	2018
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	84.443	120.723	567.174	4.242.529	4.194.175
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa					
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	84.443	120.723	567.174	4.236.004	4.192.068
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar				6.525	2.107

Vegna uppskiptingar velferðarráðuneytis í heilbrigðisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti um áramótin 2018–19 munu fyrrgreindar upplýsingar vegna aðalskrifstofu velferðarráðuneytis líka koma fram í svári félags- og barnamálaráðherra við sambærilegri fyrirspurn.

**Embætti landlæknis**

	2014	2015	2016	2017	2018
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	2.515.705	2.072.793	2.455.971	2.225.704	2.409.366
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa	0	0	0	606.973	638.757
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	0	0	0	1.260.987	1.497.671
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	2.515.705	2.072.793	2.455.971	357.744	272.938

Ekki var hægt að fá gjöldin sundurliðuð fyrir tímabilið 2014–2015.

**Geislavarnir ríkisins**

	2014	2015	2016	2017	2018
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	0	0	0	0	0
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa	0	0	0	0	0
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	0	0	0	0	0
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	0	0	0	0	0

Geislavarnir ríkisins hafa ekki greitt fyrir leyfi á sl. fimm árum. Keypt var OfficeProPlus 2013 fyrir 770.896 kr. árið 2013. Þá hafa kerfin fylgt þeim tölum sem hafa verið keyptar á undanförunum árum.

**Heilbrigðisstofnun Austurlands**

	2014	2015	2016	2017	2018
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	0	0	0	600.986	1.878.520
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa					
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu				600.986	1.878.520
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar					

Árin 2014–2017 notaði HSA opnar hugbúnaðarsvítur. Stofnunin hefur alltaf keypt tölvur með MS-stýrikerfum og hefur þar af leiðandi ekki greitt árgjöld/mánaðargjöld umfram kaupverð. Þá hafa einstök miðlaraileyfi/stýrikerfisleyfi verið keypt eftir þörfum.

**Heilbrigðisstofnun Suðurlands**

	2014	2015	2016	2017	2018
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	1.281.058	1.530.281	2.006.863	2.588.964	2.171.742
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa					
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	1.281.058	1.530.281	2.006.863	1.879.999	2.171.742
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar				708.965	

<b>Heilbrigðisstofnun Suðurnesja</b>					
	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	1.281.058	1.530.281	2.006.863	2.588.964	2.171.742
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa					
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	1.281.058	1.530.281	2.006.863	1.879.999	2.171.742
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar				708.965	

<b>Heilbrigðisstofnun Vestfjarða</b>						
	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>	
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa		0	0	690.124	0	15.000
Sundurliðað:						
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa		0	0		0	0
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu		0	0	690.124	0	0
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar		0	0	0	0	15.000

<b>Heilbrigðisstofnun Vesturlands</b>					
	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	2.395.238	3.080.686	2.817.356	2.684.414	19.738.200
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa					
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu					
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	2.395.238	3.080.686	2.817.356	2.684.414	19.738.200

Reikningar berast ekki sundurliðaðir.

<b>Heyrnar-og talmeinstöð Íslands</b>					
	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS hugbúnaðar og stýrikerfa	356.832	372.832	389.854	409.750	498.378
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa					
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	356.832	372.832	389.854	409.750	498.378
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar					

<b>Landspítali</b>					
	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	17.307.172	121.305.063	74.160.276	60.469.498	28.797.176
Sundurliðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa	6.349.343	8.850.600	12.169.576	16.707.111	12.361.979
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	7.816.427	9.028.053	16.045.353	15.929.591	5.930.918
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	3.141.402	103.426.410	45.945.347	27.832.796	10.504.279

Í töflunni eru upplýsingar um þá fjármuni sem Landspítali hefur notað í kaup á Microsoft-hugbúnaði undanfarin fimm ár. Í öllum tilfellum er um að ræða hugbúnaðarkaup en ekki leigu.

Þar sem kostnaður sem fellur undir annan MS-hugbúnað er mun hærri en það sem fellur undir Windows stýrikerfi eða Office-hugbúnaðarsvítu þá eru töflurnar hér á eftir látnar fylgja með til frekari útskýringar.

*Notendahugbúnaður:*

Almennt séð er þetta hugbúnaður sem notendur hafa bein not af eða eru sambærileg við leyfi á Microsoft 365 samningi ríkisins við Microsoft. Allur hugbúnaður er keyptur en ekki leigður.

*Miðlægur hugbúnaður:*

Kerfishugbúnaður sem er stoðkerfi við annan hugbúnað. Þetta er mestmegnis stýrikerfi þjóna eða gagnagrunnar og sértæk leyfi tengd þeim. Þessi flokkur verður ekki fyrir áhrifum vegna Microsoft 365 samnings ríkisins við Microsoft. Hugbúnaður er keyptur en ekki leigður.

<b>Notendahugbúnaður (millj. kr.)</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS-notendahugbúnaðar	3,14	53,56	23,25	23,49	1,05
Sundurlíðað (kr.):					
Leyfisgjöld vegna MS Excel	64.977	27.672	151.826	175.896	181.465
Leyfisgjöld vegna MS Project	90.788	0	0	0	0
Leyfisgjöld vegna MS SCCM	864.661	1.428.796	240.059	21.055.319	755.220
Leyfisgjöld vegna MS Sharepoint	1.568.569	1.602.793	22.860.039	898.611	110.847
Leyfisgjöld vegna MS Skype for Business	0	0	0	1.268.206	0
Leyfisgjöld vegna MS Visio	0	0	0	50.965	0
Leyfisgjöld vegna MS Visual Studio	117.825	492.280	0	0	0
Leyfisgjöld vegna MS Windows Server CAL	434.583	50.007.493	0	42.278	0

<b>Miðlægur hugbúnaður (millj. kr.)</b>	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna miðlægs MS-hugbúnaðar	0,00	49,87	22,69	4,34	9,46
Sundurlíðað (kr.):					
Leyfisgjöld vegna MS Remote Desktop Services	0	0	3.752.566	0	1.009.906
Leyfisgjöld vegna MS SQL Server	0	36.024.769	0	0	5.445.377
Leyfisgjöld vegna MS Windows Server	0	13.842.607	18.940.857	4.341.520	3.001.465

**Sjúkrahúsið á Akureyri**

	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	16.857.090	16.126.517	11.366.283	9.923.599	10.821.549
Sundurlíðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa	2.984.867	2.893.776	2.136.142	1.796.856	1.929.816
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	8.153.270	7.853.837	5.351.713	4.499.707	4.908.144
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	5.718.953	5.378.904	3.878.428	3.627.036	3.983.589

**Sjúkratryggingar Íslands**

	<b>2014</b>	<b>2015</b>	<b>2016</b>	<b>2017</b>	<b>2018</b>
Leyfisgjöld alls vegna MS-hugbúnaðar og stýrikerfa	7.309.771	7.454.732	6.867.579	7.439.077	8.717.410
Sundurlíðað:					
Leyfisgjöld vegna Windows-stýrikerfa	1.778.490	1.285.040	1.231.430	1.460.769	1.644.329
Leyfisgjöld vegna MS Office-hugbúnaðarsvítu	3.413.579	2.809.666	2.318.102	2.358.740	2.877.544
Leyfisgjöld vegna annars MS-hugbúnaðar	2.117.702	3.360.026	3.318.047	3.619.568	4.195.537